



 Félag rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRÍSK)
Umsvif sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðar á Íslandi

Samantekt

Hér á eftir má finna **stutta samantekt** af helstu niðurstöðum skýrslu Capacent um umsvif og þær áskoranir sem íslenskur sjónvarps- og kvikmyndaiðnaður stendur frammi fyrir.

Sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðurinn er stór atvinnugrein hér á landi sem nýtur vaxandi umsvifa og alþjóðlegrar virðingar. Hins vegar hefur afþreyingariðnaður héraðs sem og erlendis tekið stakkaskiptum undanfarin misseri.

Fjölmörg vandamál og áskoranir steðja að sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinum hér á landi. Má þar nefna samkeppni frá hinum **svokallaða gráa markaði („Netflix-samkeppnin“)** og frá **svörtum markaði (ólöglegt streymi og niðurhal)** ásamt óhagstæðu skattaumhverfi og takmörkuðum stuðningi stjórnvalda.

Þessi vandamál skaða ekki einungis atvinnugreinina heldur einnig hagsmuni hins opinberra vegna glataðra skatttekna og minni umsvifa en ella.

Heildarvelta framleiðslu og dreifingu kvikmynda og sjónvarpsefnis ásamt kvikmyndasýningum, dagskrárgerð og útsendingum sjónvarps og útvarps var **34,5 milljarðar kr. árið 2014**. Heildarveltan hefur aukist um rúm 37% frá árinu 2009.

Velta í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði er litlu minni en heildarvelta mjólkuriðnaðarins eða heildarvelta kjötiðnaðarins í landinu.

Sé óbeinni veltu bætt við er veltan um **45 milljarðar kr.** Sé einungis litið til framleiðslu á kvikmyndum og sjónvarpsefni er veltan 15,5 milljarðar kr. Velta sjónvarps- og útvarpsgerðar var 14,2 milljarðar kr.

Hlutdeild sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins í landsframleiðslu er 0,6% sem er litlu minni en hlutdeild íþrótt- og tólmundastarfsemi í landsframleiðslu.

Virðisauki greinarinnar eru rúmir 11 milljarðar en með óbeinum og afleiddum áhrifum er virðisaukinn allt að 27 milljarðar króna.

Fjöldi fyrirtækja í framleiðslu og dreifingu hefur vaxið úr 353 árið 2008 í 573 árið 2014 sem er **62% fjölgun.**

Fjöldi ársverka í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinum er um 1.300 talsins.

Ársverkin í framleiðslu og dreifingu kvikmynda og sjónvarpsefnis og útsendingar eru því **á við a.m.k. þrjú stóriðjuverkefni.**

Sé óbeinum ársverkum bætt við eru samtals um 2.000 ársverk vegna framleiðslu, dreifingu og útsendinga á sjónvarpsefni og kvikmyndum.

Um 13 milljarðar króna fara í beinar og óbeinar launagreiðslur vegna greinarinnar.

Fjöldi gesta í kvikmyndahús hefur dregist saman undanfarin ár fyrir fjölgun íbúa og ferðamanna. Andvirði seldra bíómiða hefur lækkað um 12% frá 2009.

Söluandvirði mynddiska (DVD) hefur hrunið á undanförunum árum og var þrisvar sinnum hærra árið 2009 en árið 2014.

Hið opinbera fær í skatttekjur um **7,3 milljarða króna vegna umsvifa aðila** í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinum. Þá eru skatttekjur hins opinbera vegna áhrifa kvikmynda og sjónvarps á komu ferðamanna til landsins um **4,6 milljarða kr.**

Samanlagt renna um 12 milljarðar kr. til hins opinbera vegna sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins.

Framlög ríkisins til greinarinnar, þar með talið framlög til Ríkisútvarpsins, kostnaður vegna endurgreiðslu til kvikmyndagerðar og Kvikmyndasjóður, eru hins vegar um helmingi lægri en þær skatttekjur sem ríkið fær á móti frá greininni. Hver króna frá ríkinu skilar sér því tvöfalt tilbaka.

Á meðan bækur, geisladiskar, áskriftargjöld og heilsulindir eru í 11% skattþrepi eru DVD diskar, sala eftir pöntun (VOD) og bíómiðar í 24% skattþrepi. Erlendar efnisveitur greiða engan skatt hér á landi.

21,7% heimila (27.000 heimili) eru með áskrift að Netflix .

Innlendir aðilar og réttahafar verða af 650 m. kr. árlega vegna samkeppninnar við Netflix. Tap ríkisins vegna þessa er um 200-265 m. kr.

Um 37% landsmanna stunda ólöglegt streymi og niðurhal. Tap innlendra aðila vegna þessa er 1,1 milljarður kr. á ári. Tap hins opinbera vegna ólöglegs streymis og niðurrhals er um 350-450 m.kr. en fyrir þá upphæð mætti reka bæði embætti Ríkissaksóknara og allan Hæstarétt.

Tæp 78% telja aukinn stuðning stjórnvalda við atvinnugreinina vera mikilvægan. Rúm 83% landsmanna telja að textun og talsetning vera mikilvægt. Tæp 88% landsmanna telja mikilvægt að sýnt sé innlent sjónvarps- og kvikmyndaefni.

Hér á eftir má finna 9 tillögur sem skýrsluhöfundur leggur til að verði ráðist í en lesendur eru hvattir til að lesa alla skýrsluna.

Tillögur til úrbóta

1. Lækka virðisaukaskatt af DVD diskum, VOD þjónustu (e. video-on-demand), myndefni eftir pöntun (e. pay-per-view), sölu kvikmynda á netinu og bíómiðum úr 24% niður í 11% í samræmi við virðisaukaskattshlutfall bóka, geisladiska og áskriftargjalda. Tæp 78% landsmanna vilja auka stuðning hins opinbera við sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinn með skattalækkunum og/eða Kvikmyndasjóði. Slíkar skattalækkunir myndu styrkja innlendan iðnað og auka skatttekjur ríkisins á móti að hluta vegna aukinna umsvifa. Þá er ljóst að framlög ríkisins til sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins eru um helmingi lægri en þær skatttekjur sem hið opinbera fær vegna umsvifa atvinnugreinarinnar.
2. Styrkja fyrirtæki til talsetningar og textunar á sjónvarps- og kvikmyndaefni. Í því sambandi ber að hafa í huga hvaða skyldur erlendar efnisveitur s.s. Netflix sem kjósa að koma hingað með formlegum hætti, búa við í þessum efnum. 83% landsmanna telja mikilvægt að erlent sjónvarps- og kvikmyndaefni sé textað og talsett.
3. Efla styrki til framleiðslu á innlendu sjónvarpsefni. Lagt er til að stórefla svokallaðan Sjónvarpssjóð og gera hann sjálfstæðan og öflugan með sambærilegum hætti og Kvikmyndasjóður er. Um 87,5% landsmanna telja að það sé mikilvægt að á Íslandi sé sýnt innlent sjónvarps- og kvikmyndaefni.
4. Auka framlög til Kvikmyndasjóðs. Tæp 78% landsmanna vilja auka stuðning hins opinbera við sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinn með skattalækkunum og/eða Kvikmyndasjóði.
5. Tryggja framhald á gildistöku laga nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi en að óbreyttu falla löggin úr gildi þann 31. desember 2016. Þá ber að skoða hvort hækka beri endurgreiðsluhlutfallið í þeim tilgangi að laða enn fleiri erlend verkefni hingað til lands.
6. Lagt er til að skattayfirvöld taki til skoðunar skattskyldu þeirra erlendu efnisveita sem kjósa að veita þjónustu sína hér á landi. Í því ljósi eru skattayfirvöld hvött til að skoða sérstaklega 35. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 en þar segir að aðili með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem selur rafrænt afhenta þjónustu skv. d-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. til aðila sem er ekki skráður skv. 5. gr. laganna og er heimilisfastur eða með fasta starfsstöð hér á landi, skuli innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri þjónustu hér á landi. Þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð.
7. Hefja upplýsingarherferð ásamt fyrirtækjum í atvinnugreininni um mikilvægi þess að neytendur nálgist efni á löglegan hátt. Upplýsa þarf sérstaklega neytendur um svokallaðan gráan markað. Áætlað tap hins opinbera vegna starfsemi hins gráa markaðar er um 200-265 m. kr. ári, sem er talsvert meira en það sem Lögregluskóli ríkisins kostar.
8. Setja á fót sérstaka deild (e. task force) lögreglu sem sérhæfi sig í höfundarréttarbrotum og öðrum brotum af sambærilegu tagi. Undir þessari deild kæmu einnig til skoðunar hugsanleg brot vegna ólöglegar gistaðstöðu sem er einnig vaxandi vandi í samfélaginu. Innlendir hagsmunaaðilar í báðum þessum atvinnugreinum hafa kvartað undan því að þessi brot séu neðarlega í forgangs röðun lögreglunnar. Hér gætu því stjórnvöld mætt tvíþættum vanda sem hefur hingað til mætt afgangi en aðgerðir lögreglu í þessa veru myndu án efa skila auknum skatttekjum í ríkissjóð og efla innlenda starfsemi sem býr við ósanngjarna og stundum ólöglega samkeppni.
9. Lagt er til að eftirlitsaðilar beitti þeim úrræðum sem nú þegar eru í lögum s.s. lögbanni gegn ólöglegu niðurbali og streymi. Þá er lagt til að slík mál eigi greiðan aðgang í gegnum réttarvörslukerfið og aðkoma hins opinbera verði bætt hvað þetta varðar og kostnaður einkaaðila vegna þessa lágmarkaður. Áætlað tap hins opinbera vegna ólöglegs streymis og niðurbals er um 350-450 m. kr. á ári og er því beinn hagur hjá hinu opinbera að grípa hér inn í með skilvirkum og skjótum hætti. Til samanburðar kostar um 190 m. kr. að reka embætti Ríkissaksóknara og um 170 m. kr. Hæstarétt og mætti því reka þessar tvær lykilstofnanir fyrir þá upphæð sem ríkið tapar af ólöglegu niðurbali og streymi. Þá tapa innlendir aðilar um 1,1 milljarði kr. á ári vegna ólöglegs streymis og niðurbals.

Mikil gróska á markaðinum

Verkefnið

FRÍSK, félag rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði óskaði eftir að Capacent legði fram tillögu þar sem fram kæmi áætlað umfang sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins á Íslandi ásamt áhrifum iðnaðarins á skatttekjur hins opinbera. Þá skyldu umsvif og áhrif hins svokallaðra svarta og gráa markaðar einnig vera metið. Í því sambandi yrði lagt mat á tap hins opinbera vegna starfsemi á svörtum og gráum markaði iðnaðarins.

Samhliða ofangreindri greiningu var óskað eftir spurningakönnun frá Gallup þar sem m.a. kæmi fram viðhorf og þátttaka landsmanna á þessum hluta afþreyingarmarkaðarins.

Með slíkri greiningu væri hægt að varpa skýru ljósi á þá samkeppni sem íslenskur sjónvarps- og kvikmyndaiðnaður í framleiðslu, dreifingu og sýningu býr við og því tapi sem hið opinbera verður fyrir vegna samkeppni frá svarta og gráa markaði afþreyingar.

Þannig fengist mynd af því hvers konar breytingar huga þarf sé það vilji stjórnvalda að styrkja stöðu þessa iðnaðar hér á landi.

Því eru lagðar til í skýrslunni tillögur sem eru bæði hinu opinbera og iðnaðinum til hagsbóta.

Við vinnslu þessarar skýrslu fékk höfundur töluleg gögn frá ýmsum fyrirtækjum í atvinnugreininni ásamt því að styðjast við gögn Hagstofu Íslands, Samtaka iðnaðarins og eigin útreikninga. Töluleg gögn frá fyrirtækjum í greininni eru ekki greinanlega niður á fyrirtæki umfram það sem er nú þegar opinbert.

Öflug starfsemi

Fjöldmörg fyrirtæki starfa á kvikmynda-, myndbanda- og sjónvarpsmarkaði á Íslandi og hefur heilmikil gróska átt sér stað á þessum mörkuðum að undanförunum árum.

FRÍSK, félag rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði eru samtök helstu sjónvarpsstöðva og kvikmyndahúsaíðnaðarins í landinu.

Undir regnhlíf FRÍSK starfa RÚV, 365 miðlar, Skjáreinn (nú hluti af Símanum), Samfilm (Egilshöll, Álfbakki, Kringlan, Nýja bíó Akureyri og Sambíóin Keflavík), Sena (Smárabíó, Háskólabíó, Borgarbíó Akureyri), Myndform (Laugarásbíó) og Bíó Baradís.

SÍK, samband íslenskra kvikmyndaframleiðanda, eru heildarsamtök kvikmyndaframleiðenda í landinu en í því eru 55 kvikmyndaframleiðslufélög. Má þarf nefna Saga Film, True North, Pegaus Pictures, Ísfilm ehf., Kvikmyndafélag Íslands, og Reykjavík Films.



Sjónvarpsstöðvar í landi stunda allar eigin dagskrárgerð samhliða kaupum á efni frá sjálfstæðum framleiðendum og stúdíóum. Þá segir í lögum um ríkisútvarpið nr. 23/2013 að Ríkisútvarpið skuli kaupa ákveðið lágmarkshlutfall dagskrárefnis af sjálfstæðum framleiðendum. Í fjárlögum 2016 fær RÚV sérstakt tímabundið 175 m.kr. framlag til eflingar framleiðslu á leiknu íslensku sjónvarpsefni og innlendri dagskrárgerð sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda.

Í viðauka skýrslunnar má finna vefslóðir að listum yfir leikið sjónvarpsefni frá 1968-2015 og kvikmyndum frá 1918-2015. Ljóst er að mikil gróska hefur átt sér stað á vettvangi sjónvarpsgerðar undanfarin 15 ár og sé litið til kvikmynda þá hafa um 9 kvikmyndir verið gerðar að meðaltali á ári á síðastliðnum sex árum.

Þá hafa íslensk framleiðslufyrirtæki sinnt stórum erlendum verkefnum sem tekin hafa verið upp hér á landi. Þessi verkefni hafa bæði verið erlendar stórmyndir og þáttaraðir ásamt auglýsinga- og kynningarmyndum. Má þar nefna nýleg verkefni á borð við Star Wars, The Secret Life of Walter Mitty, Interstellar, Games of Thrones, Thor, Noah, Oblivion og Fortitude.

Loks má vekja athygli að hinni síaukinni viðurkenningu sem íslensk sjónvarps- og kvikmyndagerð hefur öðlast að undanförunu á fjöldmörgum alþjóðlegum kvikmynda- og verðlaunahátíðum. Sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðurinn því stór atvinnugrein hér á landi sem nýtur vaxandi umsvifa og alþjóðlegrar virðingar.

Ör þróun undanfarinna ára

Miklar breytingar

Umsvif sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins hafa margvísleg áhrif á samfélagið. Hin menningarlegu áhrif eru augljós en það eru hin fjárhagslegu áhrif sem eru hér í forgrunni.

Fjöldinn allur af fólki starfar í þessum geira og enn fleiri hagnast af honum vegna hinna afleiddu áhrifa sem umsvif hans hafa.

Afþreyingariðnaður hér á landi sem og erlendis hefur hins vegar tekið stakkaskiptum undanfarin misseri. Tækninýjungar og aðgengi að erlendum efnisveitum hafa breytt hegðun neytenda á þessum markaði hraðar en nokkurn grunaði.

Tæknin hefur gert neytendum kleift að nálgast efni hvenær sem er og landmæralaust og jafnvel án tillits til höfundarréttar eða annarra réttinda sem rétthafar efnis búa yfir.

Í sumum tilvikum hefur neytandinn talið það vera hentugra að nálgast efni með ólöglegum hætti heldur en með löglegum. Slíkt telst til hins hefðbundna svarta markaðar.

Undanfarin misseri hefur það breyst með tilkomnum bættum efnisveitum og nýrri tækni. Því hefur greiðara aðgengi að löglegu efni spornað gegn ólöglegu niðurhali.

Í Kanada fór ólöglegt niðurhal niður um 50% eftir að Netflix opnaði formlega fyrir aðgang þar í landi.

Netflix, Hulu, HBO Now, iTunes, Google Play, BSKYB og aðrar erlendar efnisveitur hafa nú þegar náð umtalsverðri markaðshlutdeild á Íslandi. Slíkt hefur gerst þrátt fyrir að flestar þessara efnisveita hafa ekki boðið „formlega“ fram þjónustu sína hér á landi þar til Netflix gerði slíkt nýverið.

Íslenskir neytendur komast hins vegar fram hjá slíku með auðveldum hætti m.a. með því að breyta DNS númerum á móttökutækjum sínum (s.s. Apple TV).

Þessi markaður hefur stundum verið kallaður „grái markaðurinn“ þar sem neytandinn greiðir fyrir þjónustuna en greiðslan fer hins vegar ekki til íslenskra rétthafa heldur beint út til hinnar erlendu efnisveitu. Þátttaka á gráa markaðinum mun án efa halda áfram þrátt fyrir hin formlegu innkomu Netflix á íslenska markaðinn. Þá geta neytendur einnig auðveldlega nálgast efni frá almennum markaði s.s. frá Amazon, Spotify, Tónlist.is og Youtube.

Vegna þessa eru umsvif þessa iðnaðar minni en ella og bitnar það m.a. á skatttekjum hins opinbera. Jafnframt greiða erlendar efnisveitur sem veita ekki formlega aðgang að efni sínu hér á landi enga skatta hér á landi og búa ekki við sömu kröfur um textun og talsetningar svo eitthvað sé nefnt.

Samkeppni þessara erlendu aðila er því ekki sanngjörn í garð innlendra rétthafa á sjónvarps- og kvikmyndaefni.

Því eru það framleiðendur, íslenskir rétthafar að erlendu efni og íslensk stjórnvöld sem bíða skarðan hlut vegna þessarar samkeppni við erlendar efnisveitur hvort sem þær starfa á gráa markaðinum eða þeim svarta.



Vandamál sem stöðja að sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinum

Fjöldmörg vandamál og áskoranir

1. Réttur íslenskra rétthafa til sýningar á efni sem þeir hafa rétt á getur verið virtur að vettugi. Þeir fá ekki greiðslur frá notendum efnis sem þeir hafa rétt á að sýna hér á landi. Þetta á bæði við samkeppni frá svarta markaðinum (ólöglegt niðurhal og streymi) en ekki síst vegna samkeppni frá gráa markaðinum („Netflix samkeppnin“). Þrátt fyrir að Netflix hafi nýverið farið að bjóða upp á þjónustu sína hér á landi munu án efa margir neytendur vera áfram á gráa markaðinum.
2. Íslenskir rétthafar og framleiðendur búa einnig við samkeppni að utan frá erlendum efnisveitum sem bjóða upp á annars konar efni en það sem íslenskir rétthafar eiga rétt á að sýna og/eða framleiða. Staðgönguáhrif (er sú breyting á eftirspurn sem rekja má til þess að verðhlutföll breytast þegar verð einnar vöru hækkar eða lækkar) eru talin vera talsverð þegar kemur að afþreyingarmarkaðinum og því er samkeppni um neytendanum oft hörð.
3. Ný tækni og neytendahegðun er áskorun fyrir sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinum hér á landi. Myndmiðlun eftir pöntun (VOD: video-on-demand, pay-per-view og SVOD) hefur færst mikið í aukanna og þá hefur áherslan færst frá hinni hefðbundinni línulegri dagskrá yfir í áhorf þegar neytendanum hentar.
4. Erlendar efnisveitur hafa ekki verið að greiða virðisaukaskatt og önnur gjöld af starfsemi sinni á meðan íslenskar efnisveitur og íslenskir rétthafar gera slíkt. Slíkt skekkir samkeppnisstöðuna til muna, íslenskum rétthöfum í óhag. Með innkomu Netflix á íslenskan markaðinn þarf að huga hvort fyrirtækið þurfi að setja á fót fasta starfsstöð hér á landi í skilningi skattalaga eða ekki (sjá m.a. 35. gr. laga um virðisaukaskatt um um sölu á rafrænni þjónustu frá erlendum aðila).
5. Skattaumhverfi er þessum markaði erfitt. Mynddiskar (DVD), myndmiðlun eftir pöntun (VOD: Video on Demand og Pay-Per-View) og bíómiðar eru í efra þrepi virðisaukaskattkerfisins (24%) á meðan geisladiskar, hljómplötur, bækur, tímarita og afnotagjöld sjónvarpsstöðva eru t.d. í neðra þrepi virðisaukaskatts (11%).
6. Íslenskar efnisveitur og rétthafar búa við úmsar skyldur og kröfur s.s. textun, talsetningu og jafnvel kvikmyndaskoðun sem erlendar veitur búa ekki við. Spurningin hvort erlendar efnisveitur eins og Netflix þurfi að setja á fót fasta starfsstöð hér á landi getur hugsanlega haft áhrif á hvort slíkar efnisveitur þurfi að uppfylla kröfur fjölmiðlalaga um talsetningar og textun og lög um kvikmyndaskoðun.
7. Smæð markaðarins er bæði sífellt vandamál og áskorun fyrir sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinum hér á landi.

Vandamál einnig fyrir hið opinbera

Það eru hins vegar ekki einungis innlendir rétthafar að erlendu efni og innlendir framleiðendur sem tapa á núverandi umhverfi því hið opinbera verður einnig fyrir umtalsverðu tapi.

Umsvif innlendra aðila í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði verða takmarkaðri en ella og verða skatttekjur og gjaldeyristekjur af þessum iðnaði minni. Það er því í hag hins opinbera að tryggja að innlend umsvif vegna veitingu og/eða framleiðslu á sjónvarps- og kvikmyndaefni sé hvað mest.

Þá verður hið opinbera af skatttekjum vegna starfsemi þessara erlendu efnisveita sem starfa á þessum markaði með óbeinum hætti í gegnum gráa markaðinn.

Það er því einnig hinu opinbera í hag að stuðla að löglegu framboði sjónvarps- og kvikmyndaefnis.

Þá hefur sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðurinn á Íslandi menningarleg áhrif sem taka ber tillit til. Hið opinbera ber ákveðnar skyldur í þeim efnum og verður það erfiðara fyrir innlenda aðila að sinna þeim skyldum ef innlendir framleiðendur og sýningaraðilar búa ekki við jafnræði í samkeppnisumhverfi sínu.

Síðar í skýrslunni verður fjallað sérstaklega um hagsmuni hins opinbera þegar kemur að stöðunni á þessum markaði.

Heildarvelta er 34,5 milljarðar króna

Sé litið til heildarveltu á framleiðslu kvikmynda, sjónvarpsefnis, auglýsinga og dreifingu til sýningaraðila ásamt stoðstarfsemi og kvikmyndasýningar (atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar ÍSAT2008: 59) og heildarveltu dagskrárgerðar og útsendingar vegna útvarps og sjónvarps og þar með talið VOD þjónustu (ÍSTA2008: 60) kemur í ljós að hún var 34,5 milljarðar króna á síðasta ári samkvæmt tölum Hagstofunnar. Heildarveltan hafði aukist um rúm 37% frá árinu 2009 á föstu verðlagi.

Upphæðir eru á verðlagi ársins 2014 og eru því sambærilegar á milli ára. Veltan er samkvæmt virðisaukaskattskýrslum og eru flestar tölur Hagstofunnar unnar í nóvember og desember 2015.

Það er því ljóst að umsvif kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðarins hefur aukist undanfarin ár.

Þá var velta vegna smásölu á myndböndum og DVD diskum (ÍSAT2008: 47.63) hins vegar 617 m.kr. árið 2014 og væri hægt að bæta þeirri veltu tölu við en þá yrði heildarveltan yfir 35 milljarðar króna.

Vert er að huga að því í þessum veltutölum er ekki að finna veltu af starfsemi á sviði fjarskipta og tengd þjónustustarfsemi, þ.e. dreifing tals, gagna, texta, hljóðs og hreyfimynda s.s. útsendingu sjónvarpsmerkja sem felur í sér samsetningu sjónvarpsstöðvapakka til dreifingar án dagskrárgerðar.


Ástæðan er sú að í tölum Hagstofunnar eru þessar veltutölur ekki aðgreindar frá veltutölum fjarskiptaþjónustu.

Þá er fyrir utan þessar veltutölur miðlun myndar, hljóðs og texta frá sjónvarps- og útvarpsrásum beint inn á heimili neytenda í gegnum gervihnattakerfi og kaup á aðgengi og netflutningsgetu af eigendum og rekstraraðilum og veiting þráðlausrar fjarskiptaþjónustu til fyrirtækja og heimila með þráðlausum fjarskiptum. Dreifing efnis í kapalsjónvarpi eða með áskriftarsjónvarpi er hér einnig fyrir utan því það er einnig talið með veltu fjarskipta.

Jafnframt er velta vegna heildverslunar og útleiga á myndböndum, geisladiskum og DVD til almennings hér fyrir utan því sú velta tilheyrir annars vegar veltu heildverslunar með heimilstæki og sjónvarps og hins vegar veltu leigu á myndböndum og -diskum.

Því má ætla að veltan í þessum iðnaði sé enn hærrí en hér er dregið fram. Hins vegar er rétt að taka fram að í þessum veltutölum er velta útvarps talin með en sú starfsemi er í raun fyrir utan sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinn. Þá eru almennir fyrirvarar við atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar.

Heildarvelta framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis, dreifing til sýningaraðila og kvikmyndasýningar ásamt dagskrárgerð og útsendingar vegna útvarps og sjónvarps á verðlagi 2014 (m.kr.)




Veltan kvikmyndaframleiðslu aldrei eins mikil

Hægt er að brjóta niður ofangreinda heildarveltu milli tveggja megin flokka atvinnugreina samkvæmt flokkun Hagstofunnar.

Sé litið fyrst á heildarveltu samkvæmt atvinnugreinaflokkun ÍSAT2008: 59 sem er framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; dreifing til sýningaraðila, stoðstarfsemi og eftirvinnsla, hljóðupptaka og tónlistarútgáfa ásamt kvikmyndasýningum var veltan um 20,3 milljarðar króna árið 2014.

Á sjö árum hefur veltan næstum tvöfaldast eins og sjá má hér að neðan.

Heildarvelta framleiðslu á kvikmyndum og sjónvarpsefni; hljóðupptaka og tónlistarútgáfa, kvikmyndasýningar, stoðstarfsemi ásamt dreifingu til sýningaraðila á verðlagi 2014 (m.kr.)



Hér fyrir neðan er nánari skýring um hvers konar starfsemi telst til þessarar veltu. Það er framleiðsla á kvikmyndum, sjónvarpsefni og auglýsingum, ætlaðar til sýningar í kvikmyndahúsum eða í sjónvarpi.

Þá er dreifing á kvikmyndum, sjónvarpsefnis, myndböndum og DVD til sjónvarpsstöðva og sýningaraðila ásamt stoðstarfsemi, eftirvinnslu, hljóðupptökur, tónlistarútgáfur og dreifing þeirra er hér undir auk sýninga kvikmynda í kvikmyndahúsum.

Kaup á dreifingarrétti á kvikmyndum, myndböndum og stafrænum mynddiskum telst einnig til þessarar veltu.

Eins og áður hefur verið nefnt er velta heildverzlunar, smásölu og útleiga á myndböndum, geisladiskum og DVD diskum hér fyrir utan. Sömu sögu má segja af veltu af starfsemi á sviði fjarskipta og tengd þjónustustarfsemi, þ.e. dreifing tals, hljóðs og mynda með útsendingu sjónvarpsmerkja sem felur í sér samsetningu sjónvarpsstöðvapakka til dreifingar.

Þá er fyrir utan þessar veltutölur miðlun myndar og hljóðs frá sjónvarps- og útvarpsrásum beint inn á heimili neytenda í gegnum gervihnattakerfi.

Þá er sjónvarpsgerð og –útsendingar ekki innifaldar í þessum niðurgreindum tölum. Fjallað verður um veltu sjónvarps- og útvarpsgerðar og útsendingar á næstu blaðsíðu.

Framangreindar veltutölur fyrir framleiðslu og dreifingu er hægt að brjóta enn frekar niður. Sé einungis litið til framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni (ISAT2008 59.11) var veltan á síðasta ári 15,5 milljarðar króna og hafði hún næstu þrefaldast síðan 2009.

Neðangreind mynd sýnir það og sem fyrir er búið að taka tillit til verðlagsbreytinga. Veltan hefur aldrei verið eins mikil og hún var 2014.

Til þessarar veltu telst framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum, sjónvarpsefni (sjónvarpsþáttum, heimildarmyndum o.þ.h.), eða auglýsingum í sjónvarpi. Til þessarar veltu telst ekki dreifingin, eftirvinnslan, kvikmyndasýningarnar og hljóðupptökurnar.

Í nýrri skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hagræn áhrif kvikmyndagerðar er einungis einblínt á þennan hluta markaðarins.

Velta í framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni á verðlagi 2014 (m.kr.)



Velta sjónvarps og útvarps stöðug

Hinn megin flokkur Hagstofunnar þegar litið er á þennan geira er ÍSAT2008: 60. Í þessum flokki má finna veltu vegna útvarps- og sjónvarpsútsendinga ásamt dagskrágerð.

Heildarvelta hér var **14,2 milljarðar króna árið 2014** og hefur haldist svipuð undanfarin ár en hefur aukist um 53% frá árinu 2008 eins og sjá má á myndinni hér að neðan.

Til þessarar veltu telst gerð sjónvarpsdagskrár úr aðkeyptu dagskrárefni (t.d. kvikmyndir, heimildamyndir o.þ.h.) og eigin dagskrárgerð (t.d. fréttir og beinar útsendingar) eða samsetningu úr hvoru tveggja.

Til þessarar veltu telst framleiðsla efnis eða öflun dreifingarréttar á efni og útsending þess, s.s. skemmtiefni, fréttæfni, umræður og þess háttar í útvarpi og sjónvarpi.



Til þessarar veltu telst einnig útsending gagna sem er yfirleitt samþætt útsendingum í útvarpi eða sjónvarpi. Hægt er að nota mismunandi tækni við útsendingar, þ.e. þráðlausar útsendingar, útsendingar um gervihnött, kapalkerfi eða netið.

Til þessarar veltu telst einnig framleiðsla á dagskrárefni (t.d. fréttum, íþróttum, fræðsluefni o.þ.h.) fyrir þriðja aðila til almennrar útsendingar. Útsendingar þessarar sjónvarpsdagskrár getur annaðhvort verið á vegum framleiðslueiningarinnar eða dreift af þriðja aðila.

Dagskrárgerðin getur verið almenn eða sérhæfð (s.s. fréttir, íþróttir, fræðsluefni o.þ.h.). Til þessarar greinar telst dagskrárgerð sem send er út í opinni dagskrá og dagskrárgerð sem er aðgengileg í gegnum áskrift.

Einnig er hér meðtalin starfsemi myndveitna eftir pöntun (VOD: video-on-demand).

Heildarvelta útvarps- og sjónvarpsútsendinga ásamt dagskrárgerðar á verðlagi 2014 (m.kr.)



Veltan litlu minni en velta mjólkuriðnaðarins eða kjötiðnaðarins í landinu

Fróðlegt er að setja veltu sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins í samhengi við heildarveltu allra atvinnugreina í landinu.

Heildarvelta allra atvinnugreina í landinu árið 2014 var 3.496 ma. kr. Velta þess hluta sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins sem birtist í ofangreindri atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar (ÍSAT2008: 59 og 60) var um 1% af heildarveltunni en hafði verið um 0,8% árið 2009 og 2010.

Veltuhlutfallið hefur því aukist talsvert og er það enn ein staðfestingin á auknum umsvifum geirans í hagkerfinu.


Áhugavert er að setja veltu kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðarins í samhengi við landsframleiðslu á hverjum tíma. Það samband má sjá á mynd hér fyrir neðan.

Árið 2008 var hlutfall heildarveltunnar tæp 1% af landsframleiðslu en var komið upp í tæp 2% árið 2012. Á síðasta ári var hlutfall heildarveltunnar 1,74%.


Ekki er rétt að líta á þetta sem framlag til landsframleiðslu en þetta sýnir þróun veltunnar sem hlutfall af landsframleiðslu.

Til samanburðar var velta í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (34,5 ma. kr.) árið 2014 litlu minni en velta kjötiðnaðarins í landinu (39,1 ma.kr) eða velta framleiðslu mjólkurafurða (38,8 ma.kr). Velta hótela og gististaða var 45,2 ma kr. Þá var veltan í kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinum meiri en vegna framleiðslu drykkjarfanga í landinu (33,5 ma kr.) og um 10 sinnum meiri en velta bókaútgáfu í landinu (3,5 ma. kr.) .

Hlutfall veltu sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins af heildarveltu allra atvinnugreina (%)



Hlutfall heildarveltu af landsframleiðslu (%)



Um 11 milljarða króna virðisauki

Samkvæmt tölum Hagstofunnar er hlutur framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum, og sjónvarpsefni; dreifing til sýningaraðila, hljóðupptaka og tónlistarútgáfa ásamt stoðstarfsemi og eftirvinnslu (ÍSAT2008 59) og útvarps- og sjónvarpsútsending ásamt dagskrárgerð (ÍSAT2008 60) í landsframleiðslu **0,6% árið 2014**. Þessi hlutdeild í landsframleiðslu hefur haldist nokkuð svipuð undanfarin ár.

Hlutdeild sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins er helmingi meiri en það sem prentiðnaðurinn í landinu hefur og litlu minni en hlutdeild íprótta- og tómstundastarfsemi hefur í landsframleiðslu. Útgáfustarfsemi er með helmingi minni hlutdeild í landsframleiðslunni.

Hér er miðað við vinnsluvirði framleiðslunnar en vinnsluvirði endurspeglar framlag til landsframleiðslu.

Vinnsluvirði er framleiðsluvirði að frádregnum aðföngum og er því mælikvarði á virðisauka (e. value added) atvinnugreina. Vinnsluvirði er mælikvarði á þau verðmæti, er greinin bætir við aðfengin hráefni, rekstrarvörur og rekstrarþjónustu frá öðrum atvinnugreinum.


Vinnsluvirði er í raun framlag atvinnugreinarinnar og er verðmætasköpun hennar.

Á verðlagi 2014 var vinnsluvirði greinarinnar 11,2 ma kr. sem er svipað og það var árið 2008. Í kjölfar efnahagshrunsins lækkaði vinnsluvirði en hefur verið að hækka undanfarin ár.


Í nýrri skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hagræn áhrif kvikmyndagerðar var framleiðslumargfaldara upp á 2,4 beitt á virðisaukann í greininni.

Ef slíkum margfaldara væri beitt á virðisauka þeirrar starfsemi sem hér er undir (ÍSAT2008: 59 og 60) væri um að ræða **virðisauka upp á tæpar 27 milljarðar króna** sé litið til beinna og óbeinna áhrifa.

Hlutur framleiðslu á kvikmyndum, sjónvarps- og útvarpsefni í landsframleiðslu (%)



Vinnsluvirði framleiðslu á kvikmyndum, sjónvarps- og útvarpsefni, á verðlagi 2014 (m.kr.)




Greiðslur fyrir aðföng um 25,6 milljarðar króna

Sé litið til framleiðsluvirðis á framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni ásamt útvarps- og sjónvarpsútsendingu Hagstofunnar (ÍSAT2008: 59 og 60) kemur í ljós að það var 36,8 milljarðar króna árið 2013 (uppreiknað á verðlag 2014) samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Á föstu verðlagi er framleiðsluvirði þessa hluta greinarinnar um 1,3 milljarði hærra 2013 en árið 2008 og litlu hærri en árið 2012 samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Framleiðsluvirði framleiðslu á kvikmyndum, sjónvarps- og útvarpsefni á verðlagi 2014 (m.kr.)




Greiðslur fyrir aðföng fyrir framangreinda framleiðslu undanfarin sex hefur haldist svipuð. Þær voru um 26,6 m. kr. árið 2013 en voru litlu hærri árið 2011 á föstu verðlagi.

Sem fyrr segir þá er hið svokallaða vinnsluvirði sem er verðmætasköpun greinarinnar mismunurinn á milli framleiðsluvirðis og aðfanga.

Þróun þessara greiðslna undanfarin ár má sjá á myndinni hér að neðan.


Aðföng fyrir framleiðslu á kvikmyndum, sjónvarps- og útvarpsefni á verðlagi 2014 (m.kr.)



Ef flokkunin er brotin niður í framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis (ÍSAT2008:59.11) eins og er gert á neðangreindri mynd sést að árið 2013 var aðkeypt innlend vinna og þjónusta 1,4 milljarðar króna á sama tíma og aðkeypt erlend vinna og þjónusta var einungis um 14 milljónir króna.

Heimild: SI

Aðkeypt vinna og þjónusta í framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis



Fjöldi fyrirtækja í framleiðslu aukist um 66% á sjö árum


Fjöldi fyrirtækja á þessum markaði (ÍSAT2008: 59 og 60) samkvæmt fyrirtækjaskrá sést í töflunni hér að neðan á árabílinu 2008-2014.

Fyrirtækjum hefur hefst fjölgað á sviði framleiðslu og hljóðupptöku og tónlistarútgáfu. Á þessu sjö ára tímabili hefur dreifingarfyrirtækjum fækkað lítillega úr 13 í 9.


Framleiðslufyrirtæki hefur fjölgað úr 340 í 564 eða um 66% en það skýrist m.a. að stór framleiðslufyrirtæki eru iðulega með mörg fyrirtæki undir sér í sinni eigu. Fjöldi annarra fyrirtækja hefur haldist svipaður undanfarnin sjö ár og má þar nefna fyrirtæki sem standa að kvikmyndasýningu, sjá um eftirvinnslu og dagskrárgerð.

Á þessari vefslóð má finna lista yfir helstu framleiðslufyrirtæki í kvikmyndum, <http://www.kvikmyndamidstod.is/innlendir-samstarfsadilar/islenskframleidslufyrirtaeki/>

Fjöldi framleiðslufyrirtækja á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni



Fjöldi skráðra fyrirtækja eftir atvinnugreinum 2008-2014	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni	340	387	406	435	465	512	564
Eftirvinnsla kvikmynda, myndbanda og sjónvarpsefnis	10	12	13	13	13	13	12
Dreifing á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni	13	12	12	10	9	9	9
Kvikmyndasýningar	20	20	19	19	21	22	22
Hljóðupptaka og tónlistarútgáfa	117	124	125	120	128	132	137
Útvarpsútsending og dagskrárgerð	17	19	20	21	18	21	21
Sjónvarpsútsendingar og dagskrárgerð	26	25	24	24	22	23	20




Fjöldi ársverka á við þrjú stóriðjuverkefni

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru laun og launatengd gjöld fyrir framleiðslu á kvikmyndum, sjónvarps- og útvarpsefni (ÍSAT2008 59 og 60) tæpir 9 milljarðar króna á verðlagi 2014.

Á föstu verðlagi ársins 2014 kemur í ljós að launagreiðslur og –gjöld hafa haldist svipuð undanfarin ár.

Athyglisvert er að laun voru talsvert hærri árið 2008 en að sama skapi ætti það ekki að koma á óvart í ljósi þess ástands sem þá var ríkjandi í samfélaginu.


Laun og tengd gjöld á verðlagi 2014 (m. kr.)



Samtök iðnaðarins hafa áætlað fjölda ársverka í kvikmynda- og sjónvarpsgerð (ÍSAT2008: 59 og 60) og er sú tala í ágætu samræmi við þær tölur sem skýrsluhöfundur fékk frá einstökum fyrirtækjum við gerð skýrslunnar. Samtök iðnaðarins undanskilja verktakagreiðslur við áætlun sína. Ársverk er skilgreint sem vinna í dagvinnu í eitt ár.

Fjöldi ársverka í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinum var um 1.300 ársverk árið 2014 sem er litlu meira en árið 2013 og litlu minna en árið 2012 en þá voru fjölmörg stór verkefni á borði iðnaðarins. Fjöldi ársverka hefur því vaxið umtalsvert sé litið til síðastliðinna sjö ára.

Það er því ljóst að ársverkin í framleiðslu og dreifingu kvikmynda og sjónvarpsefnis og útsendingar eru a.m.k. á við þrjú stóriðjuverkefni.




Hlutfall launagreiðsla af rekstrartekjum framleiðslu á kvikmyndum og sjónvarpsefni ásamt dreifingu á kvikmyndum og sjónvarpsefni til sýningaraðila og dagskrárgerð útvarps og sjónvarps (ÍSAT2008: 59 og 60) var 25% árið 2011 og hélst svipað árin þar á undan.

Hins vegar er þetta hlutfall talsvert lægra sé litið á landsmeðaltal fyrirtækja í landinu en þar er þetta um 18%.

Heimild: SI

Hlutfall launagreiðsla af rekstrartekjum (%)




Afkoma greinarinnar

Hér að neðan má sjá hlutfall útflutningstekna af rekstrartekjum framleiðslu kvikmynda, myndbanda og sjónvarpsefnis (ÍSAT2008:59.11). Hlutfallið var árið 2013 rúm 34% en hafði verið tæp 45% árið á undan en hins vegar voru rekstrartekjurnar talsvert lægri þá.

Hlutfalli útflutningstekna af rekstrartekjum framleiðslunnar hefur því verið frá 30%-45% á þessu árabili.


Útflutningur þessa hluta framleiðslunnar var 5,3 milljarðar króna árið 2013. Greinin skapar því verðmætar gjaldeyristekjur.

Heimild: SI



Rekstrarafgangur greinarinnar (sæmkvæmt atvinnugreinaflokkun ÍSAT2008: 59 og 60) var neikvæð um 630 m. kr. árið 2013 á verðlagi ársins 2014. en hafði verið jákvæð fimm ár þar á undan. Ekki var búið að birta tölur fyrir 2014.

Hæstur varð rekstrarafgangurinn á þessu árabili tæpir 2,2 milljarðar króna árið 2010 á verðlagi 2014.



Andvirði seldra miða kvikmyndahúsa lækkar

Samkvæmt tölum Hagstofunnar var andvirði seldra miða á kvikmyndasýningar 1.486 milljónir kr. árið 2014. Þar af voru um 183 m. kr. vegna íslenskra kvikmynda.

Sé andvirði seldra miða reiknað á föstu verðlagi kemur í ljós að það hefur heldur lækkað undanfarin ár eða um 12% frá árinu 2009.

Samkvæmt Klappré, miðli um kvikmyndir og sjónvarp er íslenskir kvikmyndamarkaðurinn er einn sá stærsti í heimi miðað við höfðatölu.


Hlutfall íbúa sem fer í kvikmyndahús sé eitt hæsta hlutfall sem þekktist í heiminum.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 22 fyrirtæki skráð árið 2014 sem höfðu það hlutverk að sýna kvikmyndasýningar. Hagstofan áætlar fjölda kvikmyndahúsa hafi verið 16 árið 2014 og 42 sali.

Samkvæmt Klappré starfa hins vegar 18 kvikmyndahús í landinu með 43 sali. Þar kemur fram að þrjú stærstu aðilarnir á þeim markaði séu Sambíóin (Egilshöll, Álfabakki, Kringlan, Nýja bíó Akureyri og Sambíóin Keflavík), Sena (Smárabíó, Háskólabíó, Borgarbíó Akureyri) og Myndform (Laugarásbíó). Þá reki Heimili kvikmyndarinnar Bíó Paradís og Kvikmyndasafn Ísland Bæjarbíó í Hafnarfirði.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru íslenskar myndir 5% af frumsýndum myndum árið 2014 en bandarískar myndir um 74%.

Andvirði seldra miða að sýningum kvikmynda (kr. á verðlagi 2014)





Samkvæmt Hagstofunni sóttu 1.439.368 gestir íslensk kvikmyndahús árið 2014 eins og sést á myndinni hér til hliðar. Það er um 16,4% fækkun á fimm ára tímabili en er svipaður fjöldi og sótti kvikmyndahús fyrir 10 árum.

Hins vegar eru landsmenn um 330 þús í dag en voru um 290 þús fyrir fyrir 10 árum. Einnig hefur ferðamönnum fjölgað mikið á þessu árabili.

Í þessari tölu eru taldir með gestir á sérsýningar og á sýningar stutt- og heimildamyndum og að hluta að kvikmyndahátíðum.

Sé einungis litið á aðsókn að löngum kvikmyndum þá var hún 1.382.267 árið 2014 en var 1.642.899 árið 2009.

Fjöldi gesta í kvikmyndahús og á sérsýningar



Söluandvirði DVD diska hefur hrunið


Sé litið á markaðinn fyrir myndbönd kemur í ljós mikil breyting á neytendahegðun.

Árið 2014 var andvirði leigumyndbanda og mynddiska (DVD og Blue-ray) um 150 m. kr. en árið 2011 var hún áætluð af Hagstofunni um 400 m. kr. og árið 2009 850 m. kr. á verðlagi hvers árs fyrir sig. Ætla má að síaukin notkun á myndefni eftir pöntun (VOD), Netflix áskrift, ólöglegt niðurhal og öðru slíku sé skýringin á þessu hruni á hefðbundinni útleigu.

Söluandvirði DVD og Blue-ray mynddiska á árið 2014 (án vsk) var um 360 m. kr (þar af voru DVD diskar um 332 m.kr. en Blue-ray diskarnir um 28 m.kr.) en


Söluandvirði þessara diska hafði verið verið 804 m.kr. árið 2011 og yfir milljarður árið 2009 eða þrisvar sinnum hærra. Þessar tölur eru reiknaðar á verðlagi ársins 2014 og því sambærilegar milli ára.

Söluandvirði DVD og Blue-ray mynddiska
(þús.kr. á verðlagi 2014)



Seld eintök af leigu- og sölumyndum voru 428.803 talsins árið 2014 en voru um helmingi fleiri árið 2009.

Seld eintök af leigu- og sölumyndum



Fjöldi útgefinna leigumynddiska (DVD) var 130 árið 2014 en útgefnir sölumynddiskar (DVD) voru 254 og 180 fyrir Blue-ray diskana.

Fimm árum áður voru tölurnar fyrir sölundiskana (DVD) um helmingi hærri en þrisvar sinnum hærri fyrir leigumynddiskana (DVD).

Yfir 2000 ársverk vegna kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðarins

Bein áhrif

Af fyrrgreindum tölum má sjá að umsvif og áhrif sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins eru allveruleg hér á landi.

Heildarveltan er um 34,5 milljarðar króna og beint framlag til landsframléiðslunnar er um 0,6% en í því felst virðisauki greinarinnar og telur hann yfir 11 milljarða króna.

Þá eru tæp 1.300 bein ársverk áætluð í greininni, 9 milljarðar króna fara í launagreiðslur og útflutningstekjur nema milljörðum króna.

Þessar tölur eru án efa hærrí í ljósi þess að þær taka einungis til þeirra veltu sem atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar ÍSAT2008: 59 og 60 nær til.

Það er því ljóst að hið opinbera fær milljarða króna í skatttekjur vegna beinna áhrifa af framleiðslu og dreifingu sjónvarps- og kvikmyndaefnis.

Í ljósi þess að launahlutfall af tekjum er talsvert hærra í þessari mikilvægu atvinnugrein en víðast annars staðar eru ríkir hagsmunir fyrir hið opinbera að rekstrartekjur og umsvif greinarinnar séu hvað mest.

Tekjuskattur einstaklinga og önnur launatengd gjöld munu því koma í ríkiskassann í meiri mæli í þessari atvinnugrein heldur en gerist að meðaltali hjá öðrum fyrirtækjum í landinu.

Óbein og afleidd áhrif

Það er ljóst að kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðurinn hefur margvísleg óbein áhrif á hagkerfið og þar af leiðandi á skatttekjur hins opinbera.

Óbeinn virðisauki er sá virðisauki sem atvinnuvegur skapar með viðskiptum sínum við aðra atvinnuvegi. Sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðurinn reiðir sig á mjög fjölbreytilega stoðþjónustu og má þar nefna vinnu tæknifólks, iðnaðarmanna, hönnuða, þýðenda, förðunarfélks, markaðs- og sölufólks og annarra sérfræðinga, flutningafyrirtækja, ferðaþjónustuaðila o.s.frv.

Framleiðsla og dreifing á sjónvarps- og kvikmyndaefni hefur því afar jákvæð áhrif á veltu annarra hluta hagkerfisins.

Innan hagfræðinnar eru bein og óbein áhrif (stundum er einnig bætt við afleidd áhrifum) tengd saman með margföldurum. Margfaldarinn er skilgreindur sem breyting beinna og óbeinna áhrifa þegar bein áhrif breytast um eina krónu eða eitt ársverk, allt eftir því hvert eðli þess margfaldara sem beitt er.

Jafnan sem þá er notuð er eftirfarandi:

$$\text{Bein áhrif} + \text{óbein áhrif} = \text{Margfaldari} * \text{Bein áhrif}$$

Hagstofan hefur áður birt framleiðslumargfaldara fyrir ýmsar atvinnugreinar og hefur t.d. ýmis þjónustustarfsemi haft margfaldarann 1,62, iðnaður er með margfaldarann 1,38 og þjónusta vegna atvinnureksturs með 1,51.

Séu áætluð ársverk í greininni 1.300 talsins og margfaldarinn sé um 1,5 eins og gert var í bók Ágústar Einarssonar um Hagræn áhrif kvikmyndalistar fæst eftirfarandi jafna:

$$1.300 \text{ bein ársverk} + \text{óbein ársverk} = 1,5 * 1.300$$

Niðurstaðan er að óbein ársverk eru um 650 talsins.

Samtals eru því um 2.000 bein og óbein ársverk sem rekja má til framleiðslu og dreifingar á sjónvarps- og kvikmyndaefni ásamt útsendingum.

Hér er því gert ráð fyrir að hvert beint ársverk skapi hálf talsins óbein ársverk og er það varfærið mat sem höfundur telur rétt sé að miða við.

Væri stuðst við þann starfamargfaldara (2,9) sem kemur fram í nýrri skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hagræn áhrif kvikmyndagerðar væru samanlögð bein og óbein ársverk um 3.800 talsins. Sú skýrsla einblínir eingöngu á hluta af þessum iðnaði (kvikmyndaframleiðsluna skv. ÍSAT2008:59.11) og var þar gert ráð fyrir um 360 beinum ársverkum og um 700 óbeinum ársverkum.

Sé litið til virðisaukans (verðmætasköpunar) og sé óbeinum virðisauka bætt við beina virðisauka geirans væri um að ræða samanlagt 27 milljarðar króna virðisauka sé stuðst við sama framleiðslumargfaldara (2,4) og gert er í nýrri skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hagræn áhrif kvikmyndagerðar.

Skatttekjur hins opinbera vegna kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðarins um 12 milljarðar króna

Tekjur af tekjuskatti

Ef sambærilegri aðferðarfræði (en lækkum þó margfaldarann í 1,3 eins og var gert í bók Ágústar þegar kom að veltu) er beitt á veltutölur kemur í ljós að velta óbeinnar starfsemi af framleiðslu og dreifingu sjónvarps- og kvikmyndaefnis er um 10,4 milljarðar króna.

Samtals er því bein og óbein velta framleiðslu og dreifingar á sjónvarps- og kvikmyndaefni um 45 milljarðar króna.

Af þessari 45 milljarða króna veltu eru launagreiðslur tæplega 13 milljarðar króna ef miðað er við 0,28 launahlutfall miðað við veltu (sem Samtök iðnaðarins hafa gert fyrir þessa grein fyrir árið 2014).

Í útreikningum sínum notast Capacent við reiknivél Ríkisskattstjóra sem tekur tillit til skattprósentu, lífeyrisgreiðslna og persónuafsláttar og er miðað við meðallaun í greininni.

Sé tryggingargjaldi bætt við eru tekjuskattur, launatengd gjöld og útsvarstekjur hins opinbera af þessum launagreiðslum því um 4,6 milljarða króna.



Tekjur af virðisaukaskatti

Til viðbótar greiða einstaklingar sem fá laun í greininni virðisaukaskatt og önnur gjöld af þjónustu og vöru sem þeir kaupa fyrir launin sín.

Fjármálaráðneytið hefur talið að hlutfall skatta af vöru og þjónustu af einkaneyslu sé um 28% en hlutfall neysluútgjalda af heildarráðstöfunartekjum er um 90% samkvæmt Hagstofunni.

Skatttekjur hins opinbera vegna kaup á vöru og þjónustu þeirra sem þiggja laun í iðnaðinum eru því um 2,4 milljarðar króna samkvæmt útreikningum Capacent.

Til viðbótar greiða fyrirtæki sem tengjast iðnaðinum með beinum eða óbeinum hætti einnig virðisaukaskatt af hluta af því sem þau verja af tekjum sínum. Samkvæmt tölum ríkisskattstjóra greiddu fyrirtæki í umræddum atvinnugreinaflokkum (ÍSÁT2008: 59 og 60) um 240 m. kr. í virðisaukaskatt árið 2014 að teknu tilliti til mismunar á innskatti og útskatti. Séu síðan áætlaðar greiðslur á þau fyrirtæki sem tengjast iðnaðinum með óbeinum hætti má ætla að samantlagt komi 300 m.kr. í virðisaukaskatt.

Samtals eru þetta 2,7 milljarðar króna sem ríkið fær í virðisaukaskatt vegna veltu í framleiðslu, dreifingu og útsendingar á kvikmynda- og sjónvarpsefni og einkaneyslu starfsmanna.

Séu skatttekjur hins opinbera vegna umsvifa aðila í kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinum tekin saman er um að ræða um 7,3 milljarða króna.

Tekjur vegna ferðamanna

Þar að auki má bæta við þeim tekjum sem koma til vegna áhrifa kvikmynda og sjónvarpsþátta á komu ferðamanna til landsins. Samkvæmt skýrslu Ferðamálastofu frá apríl 2015 voru útgjöld erlendra ferðamanna hér á landi um 158 milljarðar króna árið 2014. Séu nettótekjur vegna erlendra ferðamanna sem hluti af landsframleiðslu fundið með sama hlutfalli og Dr. Ágúst gerði í bók sinni ættu þær að vera um 114 milljarðar króna.

Ferðamálastofa kannar hvaðan hugmyndin af Íslandsför er komin. Í síðustu könnun Ferðamálastofu sögðu 9,7% vetrargesta og 13,9% sumargesta að „alþjóðlegt myndrænt efni“, þ.e. kvikmyndir, heimildamyndir, sjónvarpsþættir eða myndbönd, væru ástæðan fyrir Íslandskomunni. Þetta hlutfall mun án efa aukast vegna nýlegra myndbanda frá Justin Bieber, frönsku röppurinum í PNL og vegna indverska lagsins Gerua svo eitthvað sé nefnt.

Vegna ferðamanna sem koma til Íslands vegna kvikmynda og sjónvarps má því rekja um 15 milljarða króna í nettótekjur. Samkvæmt Seðlabanka Íslands eru skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu um 30,5%.

Því má varlega áætla að skatttekjur hins opinbera vegna áhrifa kvikmynda og sjónvarpsþátta á ferðamannafjölda séu um 4,6 milljarðar króna.

Samanlagt eru þetta tæpir 12 milljarðar króna sem hið opinbera fær í auknar skatttekjur vegna sjónvarps- og kvikmyndaíðnaðarins

Framlög ríkisins til kvikmynda og Ríkisútvarpsins eru helmingi lægri en skatttekjurnar

Hér fyrir að ofan var reynt að leggja varfærið mat á ofangreindar tölur en við vinnslu þessarar skýrslu fékk höfundur upplýsingar frá einstaka fyrirtækjum í greininni.

Tekjuskattur fyrirtækja er greiddur af þeim hagnaði sem verður í greininni. Við vinnslu þessarar skýrslu einangruðu sum fyrirtæki í iðnaðinum ekki tekjuskattinn niður á þá starfsemi sem hér eru til skoðunar og er hann því fyrir utan þær tölur sem hér eru dregnar fram.

Eins og áður hefur verið bent á þá er ekki tekið tillit til annarra skatttekna sem hið opinbera fær t.d. vegna veltu og sölu fyrirtækja í geiranum og tengdri starfsemi og stefgjalda.

Skatttekjur hins opinbera eru því án efa hærrí en sem nemur ofangreindum 12 milljörðum.

Mikilvægt er hins vegar að hafa í huga að þótt að einhver tiltekin atvinnugrein eða fjárfesting væri ekki til staðar myndi hagkerfið þróast í aðra átt með annarri nýtingu framleiðsluþátta og fengjust því skatttekjur samkvæmt því.

Þó má leiða rökum að því að sérhæfing í kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinum sé með þeim hætti víða að ef sá einstaklingur væri ekki starfandi á þeim vettvangi hér á landi væru ákveðnar líkur að hann myndi starfa á sama vettvangi en á erlendri grundu.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2016 áttu um 960 milljónir að renna til Kvikmyndamiðstöðar Íslands sem m.a. rekur Kvikmyndasjóð.


Endurgreiðsla vegna kvikmyndagerðar á Ísland eru áætluð 1,1 milljarður króna.

Kvikmyndasafn Ísland átti að fá um 63 milljónir króna, höfundarréttargjöld áttu að vera um 37 milljónir króna og þar á meðal til samtaka höfundarréttarfélaga.

Ríkisútvarpið á að fá um 3,7 milljarða króna af fjárlögum þessa árs.

Séu þessi framlög ríkisins til kvikmyndaíðnaðarins ásamt öllum framlögum til Ríkisútvarpsins tekin saman er um að ræða tæpa 5,9 milljarða króna.

Kostnaður ríkisins vs. skatttekjur ríkisins (m.kr.)



Framlög ríkisins til greinarinnar er um helmingi lægri en þær skatttekjur sem kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðurinn færir hinu opinbera vegna iðnaðarins.



Samræming virðisaukaskatts á menningarefni er réttlætismál

Skattaumhverfi óhagstætt

Löggjafinn hefur tekið margvíslegt tillit til menningarlegrar starfsemi þegar kemur að skattamálum. Þó gerir löggjafinn greinarmun á tónlistarefni og bókum annars vegar og hins vegar sjónvarps- og kvikmyndaefni.

Á meðan hið almenna þrep virðisaukaskatts er 24%, er 11% virðisaukaskattur á afnotagjöldum útvarpsstöðva, sölu tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða, sölu bóka, jafnt frumsaminnna sem þýddra, þ.m.t. nótnabóka með og án texta, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.

Sama gildir um sölu á öðrum sambærilegum miðlum með bókartexta, sem og sölu á rafrænum útgáfum slíkra bóka. Þá er 11% virðisaukaskattur á geisladiskum, hljómplötum, segulböndum og á aðra sambærilega miðla með tónlist en ekki með mynd. Sama gildir um sölu á rafrænni útgáfu á tónlist án myndar.

Því bera DVD mynddiskar 24% virðisaukaskatt en þar sem geisladiskar með tónlist og rafrænar bera 11% skatt ber einnig að huga að lækkun virðisaukaskatts á DVD mynddiskum.

Það er óskiljanlegt af hverju upptaka af tónleikum sem gefin er út sem geisladiskur ber 11% virðisaukaskatts á sama tíma og þessir sömu tónleikar sem eru gefnir út á DVD mynddiski ber 24% virðisaukaskatt.

Jafnframt hefur sala á kvikmyndum og sjónvarpsfni ekki notið sama skattaumhverfis og tónlistin hefur búið við. Virðisaukaskattur af sölu kvikmynda á netinu og á myndefni eftir pöntun (VOD og Pay-Per-View) er nú 24%. Þar sem 11% skattur er á sölu tónlistar á geisladiskum, plötum og einnig á bókum og rafrókum er réttlætanleg að hafa virðisaukaskatt af sölu kvikmynda á netinu og á myndefni eftir pöntun í sama þrepi.

Þá bera afnotagjöld sjónvarpsstöðva 11% virðisaukaskatt sem aftur undirstrikar sanngirnina í að hafa sölu á myndefni í gegnum netið eða eftir pöntun í sama þrepi. Slík breyting tæki mið af breyttri tækni og notkun neytenda á miðlum. Vægi hinnar svokölluðu línulegrar dagskrá sjónvarpsstöðvanna hefur sífellt verið að minnka á sama tíma og kaup myndefnis í gegnum netið eða eftir pöntun hefur aukist. Þá hafa áskriftarþantanir á heilum myndaröðum (e. Subscription Video on Demand) ásamt „tímaflakki“ og „frelsi“ línulegra sjónvarpsstöðvanna (efni sótt aftur í tímann) aukist til muna sem aftur dregur fram hversu óeðlilegt er að mismuna útsendingarmiðlun í skattalöggjöfni.

Rýnihópur á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um greiningu á hindrunum fyrir streymisþjónustu frá árinu 2014 lagði tillögu fram um að sölu kvikmynda á netinu og á myndefni eftir pöntun yrði í lægra þrepi virðisaukaskatts. Þannig bæri miðlun hljóð- og myndefnis sömu skattþrósentu. Slík breyting mun hafa jákvæð áhrif á innlendar efnisveitur sem mun fljótt borga sig fyrir hið opinbera vegna vaxandi umsvifa.


Virðisaukaskattur á aðgangseyri í kvikmyndahúsum er 24% á sama tíma og 11% virðisaukaskattur er á aðgangseyrir að baðhúsum, baðstöðum, gufubaðsstofum og heilsulindum.

Þá er enginn virðisaukaskattur á íþróttastarfsemi, svo og leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi, aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.

Í ljósi jákvæðra menningarlegra og efnahagslegra áhrifa af kvikmyndahúsum er réttlætanlegt að virðisaukaskattur á aðgangseyri þar verði sambærilegur og aðgangseyrir að baðstöðum og heilsulindum sem er nú í 11% skattþrepi.

Reyndar má vel hugsa sér að skattaumhverfi kvikmyndahúsa ætti að vera sambærilegt og skattaumhverfi sundstaða og íþróttastarfsemi en aðgangseyrir að slíkri starfsemi ber engan virðisaukaskatt.

Tillögur þess efnis að færa þessa starfsemi í neðra skattþrep eru ekki til þess fallnar að flækja skattkerfið enda er nú þegar lagður 11% skattur á ýmsa menningartengda þjónustu.



Kostnaður við lækkun virðisaukaskatts

290 milljónir tekjur ríkisins af bíómiðum

Árið 2014 var andvirði seldra miða að sýningum innlendra og erlendra langra leikinna kvikmynda 1.486.828 kr. skv. Hagstofunni.

Af því renna um 290 milljónir til ríkisins í formi virðisaukaskatts en nú er lagður 24% virðisaukaskattur á bíómiða.

Ef bíómiðar væru hins vegar í lægra skattþrepi hefðu tekjur ríkisins verið um 140 milljónir króna lægri.

Þó mætti rökstyðja að bíóaðsókn myndi hugsanlega aukast við lægra miðaverð og því yrði tekjutap ríkisins minna en það.

86 milljónir tekjur ríkisins af DVD

Einnig er lagður 24% virðisaukaskattur á DVD diska. Samkvæmt tölum Hagstofunnar var söluandvirði DVD diska og Blue-ray diska um 360 milljón króna árið 2014 án virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur af slíkri sölu er um 86 m. kr.

Lækkun þessa skatthlufalls niður í 11% myndi þýða að ríkið yrði af um 46 milljónum.



125 milljónir tekjur ríkisins vegna VOD

Loks er jafnframt 24% virðisaukaskattur á VOD þjónustu (e. video on demand) og myndefni eftir pöntun (e. pay per view). Innlendir rétthafar áætla að sú sala sé um 650 milljónir á ári og má því gera ráð fyrir að virðisaukaskatturinn sé um 125 milljónir kr. á ári vegna þessa.

Væri skatturinn lækkaður niður í 11% væri hið opinbera að verða af um 60 milljónum króna en hér myndi sala án efa aukast á móti vegna lægra verðs.

Til upplýsingar er tekið fram að ef verð vöru eða þjónustu, sem fellur undir 24% skatthlutfall, er gefið upp með virðisaukaskatti þá er skatturinn 19,35% af því verði sem kaupandi greiðir.

Hins vegar ef um er að ræða vöru eða þjónustu sem fellur undir 11% skatthlutfall þá er skatturinn 9,91% af því verði sem kaupandi greiðir.

Lagaleg skilyrði s.s. textun og talsetning

Það er ljóst að sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðurinn í sérhverju landi ber ákveðið menningarlegt hlutverk. Þetta á sérstaklega við lítil málsvæði eins og hið íslenska málsvæði óneitanlega er.

Því hefur hið opinbera lagt ýmsar kröfur á sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinn sem fyrirtæki þurfa að mæta með auknum kostnaði. Nærtækast eru skilyrði laga um textun og talsetningar.

Samkvæmt lögum um fjölmiðla skulu fjölmiðlaveitur, sem hafa staðfestu hér á landi, efla íslenska tungu eftir því sem við á. Hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Þetta á hins vegar ekki við um endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstýtt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva. Þetta á ekki heldur við þegar viðkomandi hljóð- eða myndmiðill er starfræktur á öðru tungumáli en íslensku eða um fjölmiðla sem hafa ekki staðfestu hér á landi.

Hið opinbera hefur því ákveðið með lögum að fyrirtæki í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinum beri ákveðna menningarlega ábyrgð þegar kemur að tungumálinu. Sú ábyrgð er kostar hins vegar íslensk fyrirtæki á þriðja hundrað milljón króna á ári samkvæmt tölum frá fyrirtækjunum.

En í ljósi þess hve arðsamur iðnaðurinn er fyrir hið opinbera ætti það koma til alvarlegrar skoðunar að hið opinbera komi á móts við þann kostnað sem fyrirtækin verða fyrir vegna talsetningar og textunar.



Hegðun neytenda á sjónvarpsmarkaðinum greint samkvæmt nýrri könnun

Hluti af þessari skýrsluvinnu var **umfangsmikil spurningakönnun sem Gallup** framkvæmdi um áhorf og umsvif á þessum hluta afþreyingarmarkaðarins. Heildarniðurstöður úr könnuninni fylgja með þessari skýrslu sem fylgirit en hér verður tæpt á helstu niðurstöðum. Myndirnar sem fylgja hér með koma frá Gallup.

Spurningakönnunin náði til áhorfs neytenda og hlutfallslegs mikilvægs mismunandi miðla í augum neytenda.

Þá náði könnunin einnig að kortleggja hinn svokallaða gráa markað og þann svarta (ólöglegt niðurhal og streymi).

Grái markaðurinn er skilgreindur sem markaður þeirra erlendu efnisveitna sem bjóða ekki formlega upp á þjónustu sína hér á landi en íslenskir neytendur greiða engu að síður fyrir til hinna erlendu efnisveita. Íslenskir réttahafar að efni sem er boðið upp á gráa markaðinum fá því engar greiðslur fyrir efni sitt. Hið opinbera verður einnig af greiðslum vegna þessa s.s. tapaðar skatttekjur.

Skýrasta dæmið um slíkt er þjónusta Netflix en þar til mjög nýlega var ekki boðið upp þá þjónustu með formlegum hætti hér á landi. Þrátt fyrir formlega innkomu Netflix inn á íslenska markað um áramótin eru enn fjölmargir með áskrift sína í gegnum bandaríska Netflix og eru því enn á gráa markaðinum. Þátttaka á gráa markaðinum virðist vera brot á skilmálum Netflix og á rétti íslenskra réttahafa í sumum tilvikum.

Loks var spurt um mikilvægi við aukinn stuðning við atvinnugreinina og íslenska menningu í þessu sambandi. Spurningarnar má sjá hér til hliðar.

Niðurstöður um áhorf

62,4% horfa oftast á sjónvarps- og kvikmyndaefni í gegnum dagskrá íslenskra sjónvarpsstöðva (hefðbundin línuleg dagskrá, tímaflakk og frelsisþjónusta).

14,6% nálguðust efni sitt oftast í gegnum vefsíður sem eru ekki samþykktar af réttihöfum (s.s. Pirate Bay og Deildu.net). Því yngri sem viðkomandi er því algengara var að hann væri í þessum flokki.

7,2% svöruðu því að þeir horfðu oftast á efni sitt í gegnum áskriftarmiðlun eftir pöntun s.s. Netflix, Hulu, HBO Now og Amazon. Aðrir leiðir til áhorfs mældust minna.

Séu þessar niðurstöður reiknaðar út frá mikilvægiseinkunn (nánari útlitun á því má finna í sjálfri spurningakönnunni sem fylgir með þessari skýrslu sem fylgirit) kemur fram að dagskráin hjá innlendum sjónvarpsstöðvum er ennþá langmikilvægust í augum fólks, þá kemur myndmiðlun eftir pöntun (VOD) hjá innlendum efnisveitum, svo hefðbundin línuleg dagskrá hjá erlendum sjónvarpsstöðvum og í gegnum opnar efnisveitur á netinu (s.s. Youtube og Vimeo).

Loks eru það ólöglegar efnisveitur og þá áskriftarmiðlun eftir pöntun (Netflix, Hulu, HBO Now o.s.frv.) en aðrir kostir mældust talsvert neðar í mikilvægi.

Bls.

3 Framkvæmdalýsing

- 4 Sp. 1 Með hvaða hætti horfir þú á sjónvarps- eða kvikmyndaefni? Vinsamlega forgangsraðaðu leiðunum með því að merkja fyrst við það sem þú horfir oftast á, næst það sem þú horfir næst oftast á og síðan koll af kalli.
- 8 Sp. 2 Ert þú eða heimilið með áskrift eða kaupir efni af einhverju eftirfarandi?
- 11 Sp. 3 Hversu mörgum kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum að jafnaði streymir þú, leigir eða kaupir í mánuði hverjum í gegnum [...]?
- 14 Sp. 4 Nú viljum við biðja þig um að meta hversu hátt hlutfall þessa efnis þú hefur keypt eða leigt af innlendum aðilum ef þú hefur ekki haft aðgang að því í gegnum [...]?
- 17 Sp. 5 Streymir þú eða halar oft, stundum, sjaldan eða aldrei niður sjónvarps- eða kvikmyndaefni í gegnum vefsíður á netinu án þess að réttihöfum sé greitt fyrir, t.d. Deildu.net, Pirate Bay eða öðrum sambærilegum vefsíðum? Hér er átt við síður sem eru ekki samþykktar af réttihöfum og dreifa sjónvarps- eða kvikmyndaefni án þess að réttihöfum sé greitt fyrir?
- 20 Sp. 6 Hversu mörgum kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum að jafnaði streymir þú, leigir eða kaupir í mánuði hverjum í gegnum [...]?
- 23 Sp. 7 Nú viljum við biðja þig um að meta hversu hátt hlutfall þessa efnis þú hefur keypt eða leigt af innlendum aðilum ef þú hefur ekki haft aðgang að því í gegnum viðkomandi vefsíður eða vini eða ættingja?
- 26 Sp. 8 Hversu oft, ef einhvern tímann horfir þú á íþrótaefni í gegnum netið, t.d. Firstrow.eu eða sambærilegar síður þar sem réttahafar fá ekki greitt fyrir dreifingu?
- 30 Sp. 9 Telur þú mikilvægt eða lítilvægt að stjórnmöld styðji við innlenda sjónvarps- og kvikmyndagerð með t.d. skattalækkunum og/eða kvikmyndasjóði?
- 34 Sp. 10 Telur þú mikilvægt eða lítilvægt að erlent sjónvarps- og kvikmyndaefni sem sýnt er hér á landi sé textað eða talsett á íslensku?
- 38 Sp. 11 Telur þú mikilvægt eða lítilvægt telur þú að á Íslandi sé sýnt innlent sjónvarps- og kvikmyndaefni?
- 42 Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna
- 43 Vigtun

27.000 heimili með áskrift að Netflix

Sé litið á áhorf í gegnum svokallaða gráa markað (yfirleitt átt við erlendar efnisveitur sem bjóða ekki formlega upp á þjónustu sína hér á landi en íslenskir neytendur greiða hins vegar fyrir hana beint til hinna erlendu efnisveitu) kemur margt áhugavert í ljós.

Um 28% af heimilum eru með áskrift eða kaupir efni af hinum svokallaða gráa markaði.

21,7% íslenskra heimila eru með áskrift að Netflix.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar sem voru uppfærðar í apríl 2014 var fjöldi heimila á Íslandi árið 2013 um 124.000.

Því hafa um 27.000 íslensk heimili áskrift að Netflix.

Að meðaltali eru 2,5 einstaklingur á sérhverju heimili (1,9 eldri en 16 ára) og eru því 67.000 einstaklingar með aðgang að Netflix á heimilum sínum.

Rétt er að hafa í huga að könnunin var gerð áður en Netflix ákvað að bjóða upp á þjónustu sína með formlegum hætti hér á landi.


Því yngri sem hóparnir voru því hærra áskriftarhlutfall Netflix mældist. Þá var Netflix-áskrift sömuleiðis algengari á höfuðborgarsvæðinu en út á landi og fór vaxandi með fjölskyldutekjum.

Sé litið til annarra efnisveita þá voru um 3,8% með áskrift að Hulu TV sem reiknast sem 4,700 heimili eða tæplega 12.000 manns. Um 3,3% keyptu efni frá iTunes kvikmynda- og sjónvarpsleigunni, 2,7% frá Google Play og 1,6% frá Amazon Prime Video. HBO Now var með 1,2% hlutdeild.

Sp. 2. Ert þú eða heimilið með áskrift eða kaupir efni af einhverju eftirfarandi?

	Fjöldi	%	+/-
Netflix	176	21,7	2,8
Hulu TV	31	3,8	1,3
iTunes kvikmynda- eða sjónvarpsleigu	27	3,3	1,2
Google Play	22	2,7	1,1
Amazon Prime Video	13	1,6	0,9
HBO Now	10	1,2	0,7
Sky Box-office	5	0,7	0,6
Annað	25	3,1	1,2
Ekkert af ofantöldu	583	72,0	3,1
Fjöldi svara	892		
Tóku afstöðu	810	96,0	
Tóku ekki afstöðu	34	4,0	
Fjöldi svarenda	844	100,0	

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



560.000 kvikmyndum og þáttum streymt í hverjum mánuði í gegnum Netflix

Einnig var spurt hversu mörgum kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum viðkomandi streymdi, leigði eða keypti í gegnum efnisveitur gráa markaðarins (Netflix, Hulu, iTunes o.s.frv.).

Hæsta hlutfallið var tæp 35% sem sögðust gera það 1-9 sinnum í hverjum mánuði. Tæp 32% sögðust gera það 10-39 sinnum en 17% sögðust gera það 40 sinnum eða oftar. Rúm 16% sögðust aldrei gera það.


Mánaðarmeðaltalið hjá þeim sem höfðu áskrift að Netflix (og annarri SVOD þjónustu) var 20,8 kvikmyndir eða sjónvarpsþættir.

Þannig að af þessum 27.000 heimilum sem hafa áskrift að Netflix er ljóst að stór hluti þeirra nýtir sé áskriftina talsvert í hverjum mánuði. Í hverjum mánuði má því áætla að áskrifendur Netflix á Íslandi séu að streyma um 560.000 kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum í hverjum mánuði.

Sp. 3. Hversu mörgum kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum að jafnaði streymir þú, leigir eða kaupir í mánuði hverjum í gegnum [...]?

	Fjöldi	%	+/-
Engum	28	16,2	5,5
1-9	60	34,9	7,1
10-39	54	31,9	7,0
40 eða fleirum	29	17,0	5,6
Fjöldi svara	171	100,0	
Tóku afstöðu	171	86,1	
Tóku ekki afstöðu	28	13,9	
Fjöldi aðspurðra	198	100,0	
Spurðir	198	23,5	
Ekki spurðir	646	76,5	
Fjöldi svarenda	844	100,0	
Meðaltal	18,6		
Vikmörk ±	3,9		
Staðalfrávik	25,9		
Miðgildi	8,0		
Tíðasta gildi	0,0		

Þeir sem horfa á sjónvarps- eða kvikmyndafni í gegnum myndmiðlun eftir pöntun (e. VOD: Video-on-Demand) hjá erlendum efnisveitum t.d. iTunes, Google Play og/eða Sky Box-office eða í gegnum áskriftarmyndmiðlun eftir pöntun (e. SVOD: Subscription Video-on-Demand) hjá erlendum efnisveitum t.d. Netflix, Hulu, HBO Now og/eða Amazon (sp. 1) voru spurðir þessarar spurningar.



Um 18% af Netflix-efninu hefði verið keypt eða leigt af innlendum aðilum


Þátttakendur voru beðnir að meta hversu hátt hlutfall þeir hefðu keypt eða leigt af innlendum aðilum ef þeir hefðu t.d. ekki haft aðgang að Netflix (eða annarri SVOD-þjónustu eða VOD-þjónustu erlendra efnisveitna).

Rúm 41% hefðu ekki nýtt sér neitt frá innlendum aðilum í staðinn. En 20% svarenda hefðu keypt eða leigt um 1-10% af því efni sem þeir nutu nú í gegnum Netflix eða annarra sambærilegra erlendra efnisveita á gráa markaðinum.

Rúm 14% hefðu keypt eða leigt um 11-20% af efninu í gegnum innlendar efnisveitur og tæp 6% svarenda hefðu keypt eða leigt 21-30% af efninu. 5,6% af svarendum hefðu keypt eða leigt allt efnið.

Að meðaltali hefði 18% af efninu verið keypt eða leigt af innlendum efnisveitum í stað þeirra erlendu efnisveita sem fólk nýtir sér nú í gegnum gráa markaðinn ef viðkomandi hefði ekki haft aðgang að þeim markaði.

Eins og áður hefur komið fram þá veldur þátttaka á gráa markaðinum tjóni fyrir bæði íslenska rétthafa og íslensk yfirvöld. Íslenskir neytendur er jú að greiða fyrir þá þjónustu sem þeir nýta sér en þær greiðslur renna hvorki til íslenskra rétthafa að efninu sem áhorfendur eru að nýta sér né til íslenskra yfirvalda í formi skatttekna og aukinna umsvifa atvinnugreinarinnar hér á landi.



Þeir sem horfa á sjónvarps- eða kvikmyndaefni í gegnum myndmiðlun eftir pöntun (e. VOD: Video-on-Demand) hjá erlendum efnisveitum t.d. iTunes, Google Play og/eða SkyBox-office eða í gegnum áskriftarmyndmiðlun eftir pöntun (e. SVOD: Subscription Video-on-Demand) hjá erlendum efnisveitum t.d. Netflix, Hulu, HBO Now og/eða Amazon (sp. 1) voru spurdur þessarar spurningar.



650 m. kr. tap fyrir innlenda aðila vegna Netflix. Tap ríkisins um 200-265 m.kr.

Það getur verið erfitt að meta áætlað tap atvinnugreinarinnar og hins opinbera vegna gráa markaðarins.

Sé hins vegar gerð tilraun til þess þá vitum við að um 21 kvikmynd eða sjónvarpsþáttur er streymdur, keyptur eða leigður að jafnaði á mánuði í gegnum Netflix. Miðað við áskriftartölur að Netflix sem eru 27.000 heimili samkvæmt könnuninni má áætla að um 560.000 kvikmyndir og sjónvarpsþættir séu streymdir í gegnum Netflix.

18% af því efni hefði verið keypt eða leigt af innlendum aðila ef viðkomandi hefði ekki aðgang að gráa markaðinum. Því hefði að jafnaði hvert heimili leigt eða keypt um 4 kvikmyndir eða sjónvarpsþætti á mánuði af innlendum aðila í staðinn.

Kvikmynd í gegnum Skjábíó á vegum Símans kostar 795 kr. í leigu en einstakur sjónvarpsþáttur kostar 225 kr. (VOD). Þá býður Vodafone Play upp á áskriftarleiðir (sem eru í anda Netflix að eigin sögn) frá 2.490 kr. 3.990 kr. svo einhver dæmi séu nefnd.

Ekki var gerður greinarmunur á sjónvarpsþáttum og kvikmyndum í könnuninni. Ef miðað er við gróft meðalverð kvikmynda og sjónvarpsþátta (500 kr. með vsk). má gróflega ætla að sérhvert heimili hefði eytt um 2000 kr. í kaup eða leigu á efni frá innlendum aðila á mánuði ef það hefði ekki aðgang að gráa markaðinum (Netflix). Það jafngildir um 54 m. kr á mánuði eða um 650 m.kr. á ári. frá 27.000 heimilum.

Innlendir aðilar og rétthafar hafa því orðið af um 650 m. kr. viðskiptum árlega vegna samkeppninnar frá Netflix.

Virðisaukaskattur af slíkri upphæð væri um 60 m.kr. árlega sé miðað við 11% skattþrep eins og er af afnotagjöldum en um 125 m.kr. sé miðað við 24% þrep er eins og er af VOD þjónustu.

Sé einnig sambærilegri aðferðarfræði og áður hefur verið beitt í skýrslunni (með margfaldara og áætlun hlutdeildar skatttekna af veltu og neyslu í greininni) er hið opinbera að verða af til viðbótar um 140 m. kr. í glötuðum tekjum vegna minni veltu en ella.

Hið opinbera er að verða af samanlagt um 200-265 m. kr. árlega vegna gráa markaðarins.

Hins vegar flækir nýleg innkoma Netflix inn á íslenskan markað með formlegum hætti þessa mynd.

Það má leiða rökum að því að fólk sem myndi hætta taka þátt á gráa markaðinum, þ.e.a.s. hættir með kaup á bandarískri áskrift að Netflix, myndi nú frekar kaupa íslenska áskrift að Netflix í stað þess að kaupa áskrift að innlendum efnisveitum eða efni frá íslenskum VOD-þjónustum í sama mæli og það naut í gegnum bandaríska Netflix.

Því ber að fara varlega að túlka þessa grófu útreikninga í ljósi breyttra aðstæðna.

Mánaðargjald vegna bandarískrar áskriftar að Netflix er um 8 dollarar og er því árlegt gjald íslenskra heimila um 12.500 kr.

Heildargreiðsla 27.000 íslenskra heimila til Netflix á hverju ári hefur því verið tæpar 340 m. kr.

Af þessum greiðslum hefur enginn virðisaukaskattur vera greiddur. Væri greiddur 24% virðisaukaskattur af þessari þjónustu eins og gert er með íslenska VOD þjónustu væri hið opinbera að fá um 80 m.kr. árlega í skatttekjur. Væri hins vegar greiddur 11% virðisaukaskattur eins og er gert með afnotagjöld væri hið opinbera að fá um 40 m.kr. Hér hefur ekki verið tekið tillit til annarra gjalda sem hið opinbera tekur af fyrirtækjum sem bjóða upp á þjónustu sína hér á landi.

Nú þegar Netflix býður formlega upp á íslenska áskrift (um 1.100 kr. á mánuði) þarf að koma til skoðunar hvernig skattayfirvöld munu líta á þá þjónustu sem þar er í boði.

Í 35. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 segir að aðili með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem selur rafrænt afhenta þjónustu skv. d-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. til aðila sem er ekki skráður skv. 5. gr. laganna og er heimilisfastur eða með fasta starfsstöð hér á landi, skuli innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri þjónustu hér á landi. Þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð.

Rúnihópur á vegum menntamálaráðuneytis hefur hins vegar bent á tæknilegar hindranir sem lúta að skráningu erlendra aðila hjá skattinum og skil á virðisaukaskatti sem þarf að bæta úr.

37% stunda ólöglegt streymi og niðurhal: Tap geirans um 1,1 ma.kr og tap ríkis 350-450 m.kr.

Könnunin náði einnig til hins svokallaða **svarta markaðar**. Þar er um að ræða ólöglegt streymi eða niðurhal í gegnum vefsíður á netinu án þess að réttihöfum efnis sé greitt fyrir t.d. í gegnum Deildu.net, Pirate Bay eða öðrum sambærilegum vefsíðum.

Tæp 13% sögðust stunda slíkt oft, tæp 10% stundum og rúm 14% sjaldan.

Um 63% sögðust aldrei gera slíkt og taka því 37% af þjóðinni þátt í ólöglegu streymi eða niðurrhali. Miðað við það hlutfall er um ræða 46.000 heimili sé gert ráð fyrir að svarendur deili ekki heimili saman.

Hæsta hlutfallið er í yngsta aldurshópnum og karlar og Reykvíkingar eru líklegir til að gera slíkt en konur og landsbyggðarfólk.

Þátttakendur sem staðfestu að þeir hefðu stundað ólöglegt streymi eða niðurhal voru sömuleiðis spurðir hversu mörgum kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum þeir að jafnaði á mánuði streymdu, leigðu eða keyptu í gegnum þessar ólöglegu efnisveitur eða fá efni frá vinum/ættingjum á stafrænu formi (t.d. í gegnum netþjón, tölvu eða harðan disk).

Það kemur í ljós að tveir stærstu hóparnir eru þeir sem stunda þetta mjög lítið (28,2% segjast streyma, leigja eða kaupa 0-2 kvikmyndir eða þætti á mánuði) og þeir sem stunda ólöglega hegðun mikið (28,4% segjast streyma, leigja eða kaupa 11 eða fleiri kvikmyndir eða þætti á mánuði). Þetta er einnig hópur sem er ólíklegri til að hafa áskrift að Netflix en meðaltalið.

Að meðaltali eru 16,2 kvikmyndir eða sjónvarpsþættir fengin í gegnum vefsíður sem eru ekki samþykktar af réttihöfum (s.s. Pirate Bay og Deildu.net) í hverjum mánuði. Þessi tala er 21,1 sé lítið á efni sem er fengið frá vinum og ættingjum í gegnum netþjón, harða disk eða tölvu.

Samanlagt er meðaltalið 17,9 kvikmyndir eða þættir á mánuði sem þessi hópur nær í með þessum hætti.

Eins og með gráa markaðinn er ekki hægt að ætla að væri enginn svartur markaður myndi öll þau viðskipti færast til innlendra aðila. Því var þessi hópur einnig spurður hversu hátt hlutfall efnisins þeir hefðu keypt eða leigt af innlendum aðila ef þeir hefðu ekki aðgang að efninu í gegnum þessar ólöglegu vefsíður eða í gegnum vini og ættingja.

Rúm 31% hefði ekki keypt eða leigt neitt. Um 20% hefði keypt eða leigt um 1-10% af efninu. Um 10,5% hefði keypt eða leigt um 11-20% af efninu af innlendum aðilum hefði þau ekki aðgang að þessum ólöglegum leiðum. 4,1% hefðu sótt 21-30% af efninu til löglegra innlendra aðila, 6,3% þátttakenda hefðu sótt 31-40% af efninu, tæp 5% hefðu sótt um helming þess og 2,6% hefðu keypt eða leigt allt efnið af innlendum aðilum hefðu þau ekki getað sótt efnið til ættingja eða af ólöglegum vefsíðum.

Að meðaltali myndi um 25% umrædds efnis verið sótt af þessum hópi fólks með löglegum hætti frá innlendum aðilum hefði það ekki aðgang að hinum ólöglegu efnisveitum eða í gegnum vini og ættingja.

Samkvæmt því er um ræða um 4 kvikmyndir eða sjónvarpsþætti á mánuði sem sá hópur þjóðarinnar (37%) sem stundar ólöglegt niðurhal eða streymi hefði keypt sér af innlendum aðila væri sú leið ekki fær.

Tap innlendra aðila í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinum á Íslandi vegna ólöglegs streymis og niðurrhals er því gróflega áætlað 90 m. kr. á mánuði eða 1,1 milljarður á ári.

Tap hins opinbera er þá áætlað með svipuðum hætti og áður hefur verið gert, um 240 m. kr. vegna skatta á aukinnar veltu í greininni ásamt 210 m. kr. (miðað við 24% virðisaukaskatt) eða 110 m. kr. (miðað við 11% virðisaukaskatt).

Samanlagt tap hins opinbera vegna svarta markaðarins er því 350-450 m. kr. á ári.



Tæp 78% telja aukinn stuðning stjórnvalda við atvinnugreinina vera mikilvægan

Jafnframt var spurt um hversu oft viðkomandi horfði á ípróttæfni í gegnum netið, t.d. Firstrow.eu eða sambærilegar vefsíður þar sem réttthafar fá ekki greitt fyrir dreifingu.

Niðurstaðan var að 83,5% gera það aldrei, en 5,2% gera það 1-2 á ári, 6,5% gera það 3 sinnum á ári til 3 sinnum í mánuði og 4,8% gera það vikulega eða oftar.

Sem sagt, 16,5% nýta sér slíkar síður einhvern tímann á árinu.

Sé litið til alls hópsins (einnig þeirra sem nýta sér slíkar síður aldrei) er um að ræða að heildin gerir þetta um 0,4 sinnum í mánuði. Sé þetta heimfært að heildarfjölda heimila í landinu er um að ræða um 500 skipti í hverjum mánuði.

Mjög erfitt er að ætla hver yrði hegðun þessara neytenda ef þeir hefðu ekki aðgang að þessum ólöglegum síðum þar sem án efa stór hluti þessa hóps myndi í staðinn hópast saman hjá þeim sem hefði löglegan aðgang að þessu efni hvort sem það væri í heimahúsi eða á börum.

Að lokum voru spurðar þrjár spurningar sem lúta að stuðningi við innlenda sjónvarps- og kvikmyndagerð, textun og talsetningu og mikilvægi innlands efnis.

43,6% aðspurðra taldi mjög mikilvægt að stjórnvöld styðji við innlenda sjónvarps- og kvikmyndagerð t.d. með skattalækkunum og/eða Kvikmyndasjóði. 34% taldi það vera frekar mikilvægt, 17,5% taldi það hvorki né en 4,9% taldi það vera frekar lítilvægt eða mjög lítilvægt.

Það er því stór meirihluti eða 77,6% sem telja að mjög mikilvægt eða frekar mikilvægt að stjórnvöld styðji greinina með þessum hætti. Ekki var gerður greinamunur milli stuðnings með skattalækkun eða Kvikmyndasjóði.


Stuðningurinn var svipaður milli allra tekjuhópa og aldurshópa en er mestur hjá fólki með háskólapróf.

Skýrsluhöfundur vekur sérstaklega athygli á þessum skýra vilja þjóðarinnar um að hið opinbera styðji við innlenda sjónvarps- og kvikmyndagerð með beinum hætti.

Tillögur skýrslunnar sem finna má fremst í skýrslunni lúta m.a. að því að lækkaður verði virðisaukaskattur á þær vörur sem iðnaðurinn selur s.s. DVD-diska, VOD-þjónustu eða bíómiða.

Þá er lögð áhersla í tillögunum að Kvikmyndasjóður verði eflur á sama tíma og sérstakur Sjónvarpssjóður verði gerður öflugur og sjálfstæður með sama hætti og Kvikmyndasjóður er.

Mikilvægi stuðnings hins opinbera við innlenda sjónvarps- og kvikmyndagerð t.d. með skattalækkunum og/eða Kvikmyndasjóði



Mikilvægi stuðnings hins opinbera




Mikill stuðningur við textun og talsetningu

Þegar spurt var um hversu mikilvægt eða lítilvægt viðkomandi teldi að erlent sjónvarps- og kvikmyndaefni sem er sýnt hér á landi sé textað eða talsett á íslensku kemur í ljós að 51,3% taldi það vera mjög mikilvægt og 32,1% taldi það vera frekar mikilvægt. Rúm 10% taldi það hvorki né en 6,2% taldi það frekar lítilvægt eða mjög lítilvægt.

Niðurstaðan er einnig afgerandi hér en rúm 83% landsmanna telja að textun og talsetning sé mikilvæg.

Eins og áður hefur komið fram þá er áætlaður kostnaður innlendra aðila við textun og talsetningu á þriðja hundrað milljón króna á ári. Sá kostnaður kemur til vegna ákvarðana hins opinbera um að texta og talsetja beri erlend efni.

Ein af tillögum skýrslunnar lýtur einmitt að auknum stuðningi hins opinbera þegar kemur að textun og talsetningu enda augljóslegir menningarlegir hagsmunir fyrir slíku.




Síðasta spurningin var um hversu mikilvægt eða lítilvægt viðkomandi teldi að á Íslandi væri sýnt innlent sjónvarps- og kvikmyndaefni.

Skemmst er frá því að segja að 87,5% taldi það vera mjög mikilvægt eða frekar mikilvægt en einungis 2,2% taldi það vera lítilvægt.

Það er því ljóst að almenningur í landinu hefur ríkan skilning á gildi á innlendu sjónvarps- og kvikmyndaefni og telur það vera mikilvægt.

Hinn mikli stuðningur sem sjónvarps- og kvikmyndaíðnaðurinn fær í þessari könnun hlýtur að vera iðnaðinum afar mikilvægur í baráttu sinni fyrir auknum skilningi og stuðningi á meðal opinberra aðila.

Mikilvægi innlands sjónvarps- og kvikmyndaefnis



Viðauki

Á þessari vefslóð má finna lista yfir leikið sjónvarpsefni frá 1968-2015, http://www.kvikmyndavefurinn.is/films/bytype/genre/tv_drama.

Á þessari vefslóð má finna lista yfir íslenskar kvikmyndir frá 1918-2015, <http://www.kvikmyndavefurinn.is/films/bytype/genre/movie>, og sé litið til kvikmyndaframleiðslu þá hafa um 9 kvikmyndir verið gerðar að meðaltali á ári á síðastliðnum sex árum.

Á þessari vefslóð má finna lista yfir helstu framleiðslufyrirtæki í kvikmyndum, <http://www.kvikmyndamidstod.is/innlendir-samstarfsadilar/islenskframleidslufyrirtaeki/>

Frekari upplýsingar veitir:

Ágúst Ólafur Ágústsson,
aoa@hi.is/agust.agustsson@capacent.is